

Lög

**um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, með síðari breytingum
(reikningsskil vegna eignarhluta í veitu- og orkufyrirtækjum).**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögnum orðast svo:

Að ósk viðkomandi sveitarfélags er eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og ráðherra sveitarstjórnarmála skylt við útreikning á afkomu og fjárhagsstöðu þess skv. 64. gr. að undanskilja tekjur, útgjöld, eignir, skuldir og skuldbindingar sem hljóta af eignarhlutum þess í veitu- og orkufyrirtækjum í allt að tíu ár frá gildistöku laganna, enda verði það fyrir umtalsvert meiri útgjöldum og/eða beri umtalsvert meiri skuldir en annars væri vegna eignarhlutanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 21. janúar 2014.